

# Samræðu- og/eða ritunarhugmyndir

---

Hugmyndir fengnar af [busyteacher.org](http://busyteacher.org)

Eitt verkefni lagt fyrir í hvert skipti. Gott að ræða efnið fyrst, útskýra og leggja inn ný orð, safna orðum sem tengjast og skrifa niður.

Einnig hægt að nýta í ritunarverkefni eftir umræður í hóp eða bekk.

© Hekla H. 2019



# Hvert er þitt stærsta afrek?

---

Af hverju er það mikilvægt fyrir þig?

Ef þú værir ofurhetja – hvað  
væri þitt „kryptonite“?

---

Af hverju?



Ef þú ynnir stóran vinning í lottói,  
hvað myndir þú gera við peningana?

---

Af hverju?

Ef þú gætir lært á eitt hljóðfæri,  
hvaða hljóðfæri væri það?

---

Af hverju?



Ef þú gætir breytt einum atburði í lífi þínu, hvað myndi það vera og af hverju?

---

Heldurðu að líf þitt væri öðruvísi?

# Hvert er draumastarfið?

---

Af hverju og hvernig væri vinnudagurinn þinn?



Ímyndaðu þér að þú fengir 1 ósk  
en þú yrðir að nota óskina fyrir  
einhvern annan.

---

Hvers myndir þú óska og hvers vegna?



Ef þú gætir látið einhvern dag gerast  
aftur og aftur það sem eftir er af lífi  
þínu, hvaða dagur væri það?

---

Af hverju?

Hvað ef þú gætir bara fengið eina tegund af gjöfum (s.s. bækur, tölvuleiki, föt, en ekki pening) í jólagjöf það sem eftir væri.

---

Hvað myndir þú velja og af hverju?



Ef þú hefur einn ofurkraft,  
hver væri hann?

---

Hvað myndir þú gera með honum?

Hvað ef vísindamenn uppgötvuðu að  
halastjarna myndi eyða jörðinni eftir  
einn mánuð?

---

Hvað myndir þú gera síðasta mánuðinn í lífi þínu?



Ef þú værir sósa, hvernig  
sósa værir þú?

---

Af hverju?

Ef þú værir í tvívíðu formi,  
hvaða form myndir þú vera?

---

Af hverju?



Ef þú gætir brotið einn hlut heima  
hjá þér, án afleiðinga, hvaða  
hlutur væri það?

---

Af hverju?

Ef þú værir lokuð/lokaður inni í herbergi í sólarhring með einhverri persónu úr mannkynssögunni, hvern myndir þú velja?

---

Af hverju?



Hvað er það versta sem þú  
hefur gert á ævinni?

---

Af hverju var það svona slæmt?

Ef þú gætir fryst tímann hvenær sem þú vildir, hvað myndir þú gera?

---

Af hverju?



Ef þú værir drykkur, hvaða  
drykkur værir þú?

---

Af hverju?

Ef þú gætir búið til eða breytt einum lögum  
sem myndu gilda fyrir allan heiminn, hvaða  
lög væru það og af hverju?

---

Myndu lögin bæta lífið í heiminum?



Ímyndaðu þér að þú gætir valið eina tegund af veðri það sem eftir er af lífi þínu.

---

Hvað myndir þú velja og hvaða áhrif hefði það á líf þitt?

Hver er gáfaðasta persónan  
sem þú hefur hitt?

---

Af hverju?



Hvort myndir þú vilja vera falleg/-ur  
og heimsk/ur eða ljót/-ur og  
vel gefin/n?

---

Af hverju?

Ef þú þyrftir að hlusta á sama lagið 10  
sinnum á dag eða hlusta aldrei á tónlist,  
hvort myndir þú velja?

---

Af hverju? Hvaða lag myndir þú velja?



Hvað ef þú fyndir sönnun fyrir því að  
mannkynið hefði verið búið til sem  
tilraun hjá geimverum?

---

Myndir þú segja heiminum frá því og hvers vegna?

Ef þú gætir valið eina dýrategund til  
að láta deyja út, hvaða dýr væri það  
og af hverju?

---

Heldur þú að heimurinn myndi batna?



Ef þú gætir strokað út eina bók,  
þannig að hún hefði aldrei verið til,  
hvaða bók væri það?

---

Af hverju?

Ímyndaðu þér að þú gætir forritað  
vélmenni til að gera eitt daglegt  
verkefni fyrir þig það sem eftir væri.

---

Hvaða verk væri það?



Ef þú gætir valið á milli þess að hafa engar tilfinningar eða enga hæfileika fyrir rökhugsun, hvort myndir þú velja?

---

Hvernig myndi líf þitt breytast?

Ef þú værir guð úr einhverri  
goðafræði, hver myndir þú vera?

---

Af hverju?



Ef maði þinn segði þér að þið yrðuð  
að skilja nema þú hættir að hitta besta  
vin þinn, hvað myndir þú gera?

---

Af hverju?

Ef þú gætir aðeins haldið sambandi við  
einn vin þinn, hver myndi það vera?

---

Af hverju?



Hvað ef þú gætir valið á milli þess að eiga stutt líf með friðsælum dauðdaga eða langt líf og hræðilegan dauðdaga.

---

Hvort myndir þú velja og hvers vegna?

Ef þú værir teiknimyndapersóna,  
hver myndir þú vera?

---

Af hverju?



Ímyndaðu þér að þú gætir skyndilega lært hvaða námsgrein sem er mjög vel.

Hvaða námsgrein væri það?

---

Myndi það hafa áhrif á tækifæri þín í framtíðinni?

Ef þú værir bitin/n af vampíru, myndir þú  
lifa með blóðþorstann eða biðja einhvern  
um að drepa þig áður en það gerðist?

---

Lýstu daglegu lífi þínu sem vampíra.



Ef þú fengir tækifæri til að sýna hæfileika þína í sjónvarpsþætti, hvaða hæfileikar væru það og af hverju?

---

Heldurðu að fólk yrði hrifið?

Ef þú værir sönglag, hvaða  
lag værir þú og af hverju?

---

Lýstu af hverju.



Ímyndaðu þér að nýr, lífshættulegur  
sjúkdómur væri að smitast á milli fólks.  
Þú átt aðeins einn skammt af lyfi en ert  
ekki veik/ur sjálf/ur.

---

Lyfið er fyrir aldraðan ættingja en á leiðinni heim hittir þú lítið barn  
sem er orðið veikt, hvað myndir þú gera?

Ef þú gætir búið til eina nýja reglu fyrir hvaða íþrótt sem er, hvaða regla væri það og af hverju?

---

Myndi íþróttin verða betri?



Ef þú myndir lokast inni í verzlun í heila nótt, án þess að lenda í vandræðum fyrir það sem þú gerðir, hvers konar búð myndir þú velja?

---

Hvað myndir þú gera?

Hannaðu þinn eigin fullkomna stól.

---

Lýstu honum og segðu hvað er sérstakt við hann.



# Hver er þinn verstí ávani?

---

Hefur þú einhvern tíma lent í vandræðum vegna hans?

Ef þú myndir breytast í draug þegar  
þú deyrð, hvern myndir þú ásækja og  
hvers vegna?

---

Hvað myndir þú gera ef þú gætir hreyft hluti eins og  
hrekkjadraugur?



Hvernig myndir þú líta út ef þú værir  
allt í einu búin/n að breyta um kyn?

---

Myndi persónuleiki þinn breytast?